

Byggðasafn Árnesinga

Ársskýrsla 2018



Efnisyfirlit	2
Formáli	3
Opnunartími og gestafjöldi 2018	3
Starfsfólk	4
Húsakynni	5
Viðgerðir og viðhald	5
Skráningarkerfi, aðföng og gefendur	6
Aðstaða til varðveislu	7
Húsnaðismál	7
Rannsóknir og miðlun þeirra	8
Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2018	10
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	17
Kirkjubær	18
Rjórabúið á Baugsstöðum	18
Samstarf	19
Fundir, námskeið og ráðstefnur	20
Kynningar- og markaðsmál	21
Héraðsnefnd og stjórn	22
Helstu tölur úr rekstrarreikningi 2018	23



Ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af starfsmönnum safnsins nema annað sé tekið fram.

Forsíðumyndin er ljósmynd af heimsókn Vallaskóla á Selfossi 28. maí 2018.

Formáli

Starfsemi Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka var með hefðbundnum hætti árið 2018. Við söfnin var unnið að verkefnum samkvæmt stofnskrám og öðrum samþykktum - að söfnun, skráningu, varðveislu og miðlun. Þau voru opin á auglýstum tímum og eftir samkomulagi allt árið.

Hjá safninu fer fram öflugt innra starf. Við safnið fer fram stöðug söfnun á munum með varðveislugildi. Er það í samræmi við hlutverk safnsins samkvæmt stofnskrá en þar segir: „Hlutverk Byggðasafns Árnesinga er að safna, skrá, varðveita, forverja og rannsaka minjar um byggða-, menningar- og atvinnusögu Árnessýslu og kynna þær almenningi.“ Safnað er eftir söfnunarstefnu. Skráð er í gagnagrunninn Sarp sem sýnilegur er á www.sarpur.is. Við safnið fer jafnframt fram forvarsla, rannsóknir, ráðgjöf, upplýsingagjöf, umsýsla í geymslum, undirbúningur og gerð sýninga, frágangur sýninga og útlán. Safnið miðlaði á sýningar á Suðurlandi og finna má gripi frá safninu á ýmsum stöðum á sýningum á vegum sveitarfélaga, samtaka og einstaklinga.

Fjórar sýningar voru settar upp á árinu í borðstofu Hússins á Eyrarbakka, auk sýninga í útihúsum. Söfnin á Eyrarbakka voru þátttakendur í bæja- og menningarhátíðum. Beitningaskúrinn var opinn eftir þörfum. *Marþræðir* nefndist sumarsýning safnsins og var sýningunni fylgt rækilega eftir með mörgum viðburðum. Sýning var jafnframt um páska og jólasýning sett upp í desember. Kirkjubær var opinn um leið og Húsið og Beitningaskúrinn eftir eftirspurn.

Á vettvangi stjórnar safnsins voru húsnaðismálin til umræðu og hillir nú undir lausn þeirra.

Opnunartími og gestafjöldi 2018

Opið var á söfnunum á Eyrarbakka alla daga frá 1. maí til 30. september kl. 11-18. Einnig var safnið opið um páskana, á Vori í Árborg og þrjár helgar í desember. Jafnframt var opnað fyrir skólum og hópum á öðrum tímum. Almennur aðgangseyrir var kr. 1000.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2018 varð 5.690, þar af 2.055 erlendir og 380 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2017 varð 5.300, þar af 1.930 erlendir og 265 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2016 varð 5.220, þar af 1.767 erlendir og 316 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2015 varð 4.904, þar af 1.824 erlendir og 138 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2014 varð 4.381, þar af 1.680 erlendir og u.þ.b. 100 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2013 varð 4.693, þar af 1.636 erlendir og uþb. 130 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2012 varð 4.297, þar af 1.057 erlendir og uþb. 100 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2011 varð 3.721, þar af 651 erlendir og 360 í skólahópum.

Fjöldi gesta hefur aukist um 53% frá árinu 2011 og er aukningin fyrst og fremst í fjölda erlendra gesta sem nemur um 215%.

Mælitæki við skráningu gesta er nákvæm og áræðanleg talning starfsmanna. Mælingar sýna að um 80% af gestum Hússins koma jafnframt í Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Aukingu á fjölda gesta undanfarin ár má rekja til þess að boðið er upp á fleiri viðburði fyrir íslenska gesti og í öðru lagi er safnið markvisst kynnt fyrir erlendum ferðalöngum. En betur má en duga skal.

Markaðsmál voru ofarlega á baugi stjórnar Byggðasafns Árnesinga og starfsorku safnstjóra varið til markaðsstarfs á árinu. Ýmsar leiðir eru farnar til að vekja athygli á safninu, það auglýsir víða og er þátttakandi í samfélagsmiðlum. Safnstjóri sótti Mannamót markaðsstofanna í janúar og var safnið þar með kynningarbás.

Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka skrifuðu 138 í gestabók. Margir komu sem ekki skrifuðu í gestabókina. Á árinu 2017 skrifuðu 106 sig í gestabók. Á árinu 2016 skrifaði 141 sig í gestabókina, 2015 skrifuðu 171 í gestabókina. Árið 2014 skrifuðu 190 gestir í gestabók. Árið 2013 skrifuðu 154 nafn sitt í gestabókina og 2012 skrifuðu 103. Gestir koma í margvíslegum erindagjörðum.

Starfsfólk

Lýður Pálsson, sagnfræðingur BA, MA í hagnýtri menningarmiðlun, *safnstjóri* í 100% stöðu. Lýður hefur starfað við safnið frá árinu 1992. Starfsvið safnstjóra er viðtækt: Hann starfar eftir starfslýsingu safnstjóra, ber ábyrgð á rekstri safnsins og fjárreiðum, er talsmaður safnsins, skipuleggur starfsemina og ber ábyrgð á ráðningu annars starfsfólks. Hann sinnir skráningu, uppsetningu sýninga, viðburðastjórnun, leiðsögn fyrir hópa og grípur í gæslustörf þegar þörf er á. Ber einnig ábyrgð á að viðhaldi húsakynna sé sinnt og sinnir málefnum Rjómabúsins á Baugsstöðum.



Starfsfólk safnanna í Rjómabúinu á Baugsstöðum.

Linda Ásdísardóttir íslenskufræðingur BA og MA í safnafræði, *safnvörður* í 100% stöðu frá 2008. Hennar verkefni felast fyrst og fremst í skráningu og margvíslegri umsýslu safnmuna, uppsetningu sýninga, viðburðastjórnun, sömuleiðis leiðsögn og gæslu.

Jensína Jensdóttir starfaði við gæslu og leiðsögn í Húsinu yfir sumartímann. Jensína lét af störfum á árinu en hún hefur verið við lausamennsku við safnið frá 2003, fyrst við skráningu í Sarp og síðan við gæslu og leiðsögn í Húsinu. Henni eru þökkun vel unnin störf.

Moira Dís Bichard framhaldsskólanemi vann yfir sumarið við gæslu.

James Hrafn Bichard framhaldsskólanemi vann yfir sumarið við gæslu.

Andri Erlingsson sá um að halda Rjómabúinu á Baugsstöðum opnu um helgar í júlí og ágúst.

Vigdís Sigurðardóttir líffræðingur sat vaktir í Húsinu og Sjóminjasafninu yfir sumarið.

Friðjón Elli Hafliðason þjóðfræðinemi vann við gæslu í Húsinu og Sjóminjasafninu yfir sumarið.

Hjónin Ásmundur Þórir Ólafsson og Súsanna Torfadóttir er ræstítæknar safnanna. Þau sáu einnig um umhirðu Kirkjubæjargarðs.

Guðjón Guðmundsson rafvirki er einnig á launaskrá vegna öryggismála.

Húsakynni

Ellefu hús tengjast starfsemi Byggðasafns Árnesinga að hluta eða öll leyti.

Þjónustuhús með skrifstofu og aðalgeymslum safnanna er að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka.



Þjónustuhús Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Þar eru aðalgeymslur safnsins og skrifstofa.

Húsið og Assistentahúsið hýsa grunnsýningu Byggðasafns Árnesinga. Þar eru einnig Eggjaskúrin og útihúsin.

Kirkjubær, lítið timburhús vestan Hússins á Eyrarbakka, var keypt af safninu 2011, gert upp og opnað til sýningar 2016.

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka samkvæmt þjónustusamningi en viðhald húseigna Sjóminjasafnsins er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar. Hús Sjóminjasafnsins eru sýningahús að Túngötu 59, Mundakotsskemmi við Þykkvufliot 2 sem er geymsla og Beitningaskúrin við Óðinshús.

Umsjón muna Þuríðarbúðar á Stokkseyri heyrir undir Byggðasafn Árnesinga en viðhald og umhirða lóðar er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar.

Byggðasafn Árnesinga er 33% aðili að rekstri Rjórnabúsins á Baugsstöðum.

Viðgerðir og viðhald

Árið 2012 hófst Þjóðminjasafn Íslands handa um viðgerðir á útihúsunum fyrir norðan Húsið. Útihúsin



Austurgafi Hússins og útihúsin.

voru byggð á tímabilinu 1910 til 1919, fjósið og fjárhúsið voru byggð á tímum dönsku kaupmannanna en hjallurinn er frá tímum Kaupfélagsins Heklu sem átti Húsið frá 1919 til 1925. Fjósið var byggt í gömlum herragarðsstíl og hið elsta á landinu með steiptum flórum. Menningarsögulegt gildi þess er því ótvírætt. Á árinu 2014 var Hjallurinn gerður upp. Árið 2015 var miðhúsið eða fjárhúsið gert upp. Á árinu 2016 var unnið að viðgerðum á fjósinu sem er austast útihúsanna. Skipt var um þakfni og austurveggur endursteyptur í sömu stærð og áður var. Á árinu 2017 var gengið frá bárujárnri á göflum og steinsteiptir veggir að utan og innan þússaðir.

Settar voru upp nýjar útidyrhurðir á fjósið. Fjósið var hvítkalkað að innan en að öðru leyti láu framkvæmdir niðri árið 2018 en stefnt að áframhaldandi viðgerðum 2019. Gert er ráð fyrir að Byggðasafn Árnesinga verði með viðeigandi safnmuni þar til sýnis í framtíðinni. Húsasmiðameistarinn Jón Karl Ragnarsson vann að endurgerð fjósins. Einnig kom múrarmeistarinn Þröstur Eggertsson að verki. Guðmundur Lúter Hafsteinsson deildarstjóri húsasafns hjá Þjóðminjasafni Íslands stýrði framkvæmdum en Þjóðminjasafnið kostaði þær.

Í kjölfar heimsóknar brunaeftirlits Brunavarna Árnessýslu í lok ársins 2017 var á árinu 2018 gerðar smávægilegar breytingar á innra skipulagi Hafnarbrúar 3 og á lóð komið fyrir sorptunnuhirsnum.

Kirkjubær var í september málaður með styrk frá Húsafriðunarsjóði og sá Ingólfur Hjálmarsson um það verk.

Skráningarkerfi, aðföng og gefendur

Við Byggðasafn Árnesinga fer fram virk söfnun samkvæmt söfnunarstefnu.

Allir safngripir og allar ljósmyndir Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru skráðir í Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur rekinn af Rekstrarfélagi Sarps og flest minjasöfn landsins standa að. Allir með nettengda tölvu geta þannig skoðað aðfangaskrá Byggðasafns Árnesinga sem og annarra safna á landinu. Undanfarin ár hefur gríðarlegt starf farið í að endurbæta skráninguna og ljósmynda gripi fyrir Sarp.

Ný aðföng eru skráð í sérstaka handskrifaða aðfangabók. Á grundvelli hennar eru gripir síðar skráðir í Sarp og þeir auðkenndir með safnmarki. Við þá skráningu eru helstu upplýsingar um gripinn tíundaðar, eins og útlit, saga, mál, efniviður, gerandi, gefandi, notandi og fleira sem skiptir máli varðandi sögu hans og útlit.

Tekið var við 24 afhendingum við söfnin á árinu 2018, nær eingöngu munir, en örfá skjöl og ljósmyndir. Óskum um viðtöku ljósmynda er vísað á Héraðsskjalasafn Árnesinga. Tekið er við gripum í samræmi við söfnunarstefnu safnsins.

Drjúgur tími á árinu fór í að endurbæta skráningu og fór talsverður tími safnstjóra á árinu í það að yfirfara kerfisbundið skráninguna og gengur sú vinna vel, en er seinunnin. Jafnframt var átak í forvörslu safnmuna.

Í árslok 2018 voru flest aðföng síðustu ára skráð. Óskráðir eru nokkrir munir frá Litlu-Háeyri á Eyrarbakka sem komu á safnið 2011 og aðföng síðari hluta 2017 og alls ársins 2018.

Fjöldi færsla í Sarpi hjá Byggðasafni Árnesinga var sem hér segir í árslok 2018:

Fjöldi ljósmynda í árslok 2018 voru 6.575 og engar nýskráðar á árinu, fjöldi fornleifa í árslok 2018 voru 915, fjöldi minjasvæða/jarða voru 81, engar nýskráningar á árinu. Fjöldi muna í árslok 2018 voru 7.114, fjöldi nýskráðra muna árið 2018 voru 71. Í Sarpi eru jafnframt skráðar 138 bækur og 23 listaverk.

Meðal muna sem bárust á árinu 2018 voru barnaskautar frá Hátúni á Eyrarbakka, belti við kvenbúning formæðra Steingerðar Jónsdóttur á Selfossi, frakki Þórðar Jasonarsonar frá Vorsabæ, portrett af Jóni Sturlaugssyni hafnsögumanni á Stokkseyri, skipsklukka úr Skalla-grími togara sem Sigurður

Guðjónsson á Litlu-Háeyri stýrði um skeið, reiðhjól Helga Þorvaldssonar á Gamla-Hrauni, bjalla úr síma sem var á Kiðjabergi í Grímsnesi og gamall grammófónn úr fórum Barnaskólans á Eyrarbakka.

Að eindreginni ósk Sveitarfélagsins Ölfuss var tekið við löngum gámi frá Byggðasafni Ölfuss í nóvember og var settur hitablásari í hann til að halda honum frostfríum. Í gámnum eru um 400 gripir frá Byggðasafni Ölfuss sem Byggðasafn Árnesinga mun taka til varðveislu þegar viðunandi húsnæði fæst. Þessi aðstaða til varðveislu safnmuna er ekki ásættanleg og vonandi að úr húsnæðisvandræðum safnsins rætist sem allra fyrst.

Gefendur 2018 voru Kristín Eiríksdóttir frá Hátúni, Steingerður Jónsdóttir, Loftur Kristinsson, Valur Pálsson, Ragnheiður Sigurðarsdóttir frá Steinsbæ, Kristín Sveindóttir, Gylfi Pálsson f. 1933, Rakel Þórðardóttir, Anna Elsa Jónsdóttir og Páll Viggósson, Elín Sigurðardóttir, Snjáfríður Jónsdóttir, Arnold Sivers, Héraðsskjalasafn Árnesinga, Guðmunda Ólafsdóttir f.h. Ungmennafélagsins Vöku, Kristinn Karlsson, Rúnar Eiríksson, db. Gunnars Olsen og Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Aðstaða til varðveislu

Safnmunir eru varðveittir í öllum byggingum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Varðveisluskilyrði eru misjöfn. Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga er góð aðstaða til varðveislu safnmuna. Mundakotsskemmu er ófullnægjandi geymsla og var á árinu tekið á málum hennar. Í þjónustuhúsinu, Eggjaskúrnum og Sjóminjasafninu eru öryggiskerfi beintengd vaktþjónustu og til viðbótar vatnsúðunarkerfi í Húsinu og Assistentahúsinu.

Eins og áður segir hefur frá árinu 2012 verið unnið að fyrirbyggjandi forvörslu í húsakynnum safnsins. Gengið hefur verið frá safnmunum í öskjum og sýrufrír pappír hafður utan um. Allt er það gert til að tryggja varðveislu til framtíðar. Safnið hefur notið styrkja frá Safnasjóði til verksins.

Síðla ársins 2016 skilaði Byggðasafn Árnesinga gátlista Safnaráðs um varðveisluaðstæður á sýningum og geymslum Byggðasafns Árnesinga. Skilað var fjórum gátlistum, fyrir Hafnarbrú 3, Mundakotsskemmu, Húsið og Sjóminjasafnið. Matsskýrsla Safnaráðs á ástandi sýninga og geymslna Byggðasafns Árnesinga barst í mars 2017. Um er að ræða viðamikla úttekt sem sýnir að staða mála er í mörgum atriðum ágæt en þó er úrbóta þörf sums staðar. Farið var strax í að bregðast við skýrslunni og hefja úrbætur þar sem kostnaður var lítill. Rekstraráætlanir fyrir næstu ár taka tillit til skýrslunnar. Og fimm ára frestur var gefinn til að leysa úr málum Mundakotsskemmu sem dæmd var ófullnægjandi að öllu leyti.

Húsnæðismál

Í kjölfar skýrslu Safnaráðs frá mars 2017, þar sem gerð var athugasemd við Mundakotsskemmu og þröngan aðbúnað safnmuna í Hafnarbrú 3 og í ljósi þess að Sveitarfélagið Ölfus hefur beðið Byggðasafn Árnesinga að taka við gripum byggðasafns síns var safnstjóra á vofundi Héraðsnefndar 2017 falið að gera þarfagreiningu fyrir nýju húsnæði. Verkfræðistofunni Eflu var falið að gera kostnaðaráætlun fyrir 400 fm húsi sunnan við Hafnarbrú 3 og hljóðaði áætlunin upp á 70 milljónir króna. Safnstjóra var í kjölfar haustfundar Héraðsnefndar 2017 falið að leita tilboða í 225 fm stækkun á Hafnarbrú 3. Tilboð barst snemma árs 2018 en ljóst var strax að sú lausn myndi ekki duga safninu. Ný stjórn Byggðasafns Árnesinga tók húsnæðismálið föstum tókum sumarið 2018.

Í september var kannaður kostnaður við 350 fm hús sem reisa mætti á lóð sunnan Hafnarbrúar 3. Gerð var prufuhola og kom í ljós að langt var niður á fasta klöpp. Það hefði þýtt mikinn kostnað við jarðvinnu og sökkul og var því fallið frá þessum áætlunum. Kostnaður hefði orðið 63 milljónir skv. kostnaðaráætlun Verkfræðstofunnar Eflu.

Þá var kannaður möguleiki á byggingu sunnan Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka, 400 fm hús á tveimur hæðum, bæði fyrir sýningar og geymslur. Þar var einnig gerð kostnaðaráætlun sem hljóðaði upp á 164 milljónir króna skv. áætlun Verkfræðstofunnar Eflu. Fallið var frá þessari hugmynd enda hefði byggingin ekki fullnægt þörf safnsins fyrir geymslur.

Þá kom upp sú hugmynd að kaupa austasta hluta Búðarstígs 22 á Eyrarbakka sem í daglegu tali er nefnd Alpan-húsið. Húsið allt er á söluskrá og var farið í viðræður við eigendur þess um að fá að kaupa skemmuna, austasta og nýjasta hluta Alpan-hússins, sem er 861 fm að stærð með góðri lofthæð og þarf ekki að gera mikið fyrir skemmuna til að hún nýttist sem safnmunageymsla. Þessi möguleiki



Alpan-húsið. Ljósmynd frá fasteignasölnunni Helgafell.

var kynntur á

Héraðsnefndarfundum 22. október og var samþykkt að fela framkvæmdastjórn

Héraðsnefndar að láta gera ástandsskoðun á Alpan-húsinu öllu og að kannaður væri möguleiki á að Héraðsskjalasafn Árnesinga færi í vestari hluta Alpan-hússins. Byggðasafnið þarf ekki að nýta nema helming Alpan-skemmunar. Fóru fram umræður við Þjóðminjasafn

Íslands um hvort möguleiki væri að leigja því til langs tíma helming skemmunar fyrir ýmsa merka gripi sína, einkum vélar. Í árslok var beðið eftir ástandsskoðun Verkfræðistofunnar Eflu sem fengið var það verkefni að meta Alpan-húsið með tilliti til nýs hlutverks fyrir bæði söfnin. Einnig var ræddur óformlega sá möguleiki að kaupa Alpan-húsið allt fyrir Byggðasafn Árnesinga og láta Hafnarbrú 3 upp í kaupverðið.

Rannsóknir og miðlun rannsókna

Hluti af starfseminni er öflun viðbótarupplýsinga um safngripi og ljósmyndir – og reyndar almennt um sögu og menningu alls héraðsins og úrvinnsla og vistun á þessum upplýsingum. Jafnframt hefur verið lögð mikil rækt við sögu Hússins á Eyrarbakka.

Rannsóknir á sögu Hússins á Eyrarbakka er hluti af rannsóknum Byggðasafns Árnesinga. Ritið Húsið á Eyrarbakka sem kom út í júní 2014 er afrakstur rannsókna Lýðs Pálssonar undanfarna tvo áratugi. Enn er að safnast í þann sarp.

Saga Kirkjubæjar hefur verið rannsökuð á árinu 2012. Afrakstur þess rannsóknarstarfs var í glæsilegum sýningatexta í Kirkjubæ þar sem fjallað var um sögu hússins og eigendur og íbúar listaðir upp.

Skráðir eru þjóðhættir og varðveitt gögn sem varpa ljósi á siði, venjur og lífshætti í Árnessýslu. Sumar þeirra, t.d. jarðskjálftasögur Sunnlendinga frá árinu 2008 hafa verið skráðar í Sarp. Verkefnið flokkast undir samtímasöfnun þar sem safnað var upplifun og reynsla fólks af sínum samtíma.

Rannsóknir fara fram í tengslum við flestar sýningar safnsins. Á árinu 2018 fór fram rannsókn á vegum safnsins á fjörunytjum í tengslum við sýningu Ástu Villhemínu Guðmundsdóttur um sumarið.

Aðrar rannsóknir eru m.a. gerðar á sögu safnanna og einstaka sinnum af einskærum áhuga og af frumkvæði starfsmanna og má gjarnan finna afrakstur þessi í miðlunarefni safnsins hvort sem það er í sýningatextum eða mæltu máli til gesta. Miðlun til safngesta í sýningum, í ávarpi og á vefsíðunni www.husid.com er afrakstur rannsóknastarfs Byggðasafns Árnesinga. Starfsmenn safnsins taka á móti mörgum tugum hópa á hverju ári og miðla í hvert sinn fróðleik um Húsið og safnmunina til fróðleiksfúsra gesta. Sú miðlun væri ekki möguleg nema fyrir afrakstur rannsókna.

Safnstjóri tekur þátt í vinnuhópi um Verndarsvæði í byggð á Eyrarbakka sem stýrt er af landslagsarkitektum hjá Landform á Selfossi. Þekking starfsmanna Byggðasafns Árnesinga á búsetulandslagi og sögu Eyrarbakka er mikil.

Linda Ásdísardóttir sat í stýrihóp Norsam, netverk samtímasöfnunar og -rannsókna á Norðurlöndum. Unnið hefur verið við samtímasöfnun við Byggðasafn Árnesinga allt frá árinu 1999 og



Trérör úr fyrstu vatnsveitu Selfyssinga, frá árinu 1935.

hefur safnið verið mjög virkt á þessu vettvangi undanfarin ár, ásamt öðru safnafólki frá Íslandi, bæði með sýningarhaldi og þátttöku í stórum samstarfsverkefnum.

Ótalin eru fræðastörf sem faglegir starfsmenn sinna í krafti menntunar sinnar. Lýður Pálsson hefur stundað leiðsagnir fyrir áhugasama hópa um Flóann og Linda Ásdísardóttir hefur skrifað fræðigreinar í sýningarskrár ljósmyndasýninga, ljósmyndabókagagnýni í fjölmiðla og greinar í rit safnamanna Kvist. Lýður Pálsson skrifaði grein í Kvist, tímarit íslenskra safnamanna um forlata grip safnsins með samfélagslega sögu og vegna

greinaskrifanna lagði Lýður í nokkrar rannsóknir á bakgrunni gripsins. Um var að ræða trérör sem var í fyrstu vatnsveitu Selfoss.

Þegar 100 ár voru liðin frá því að spænska veikin geisaði um íslenskar byggðir birti safnið rannsóknargrein á heimasíðunni um líkkistusmiði á Eyrarbakka utan um bændahöfðingjann Gest Einarsson frá Hæli sem þessi skæða sótt lagði að velli aðeins 38 ára gamlan. Tildrög þessarar greinar voru þau að Eiríkur Gíslason líkkistusmiður á Eyrarbakka hélt nákvæmt bókhald yfir verkefni sín og í nóvember 1918 varði hann, ásamt Sigurði Gíslasyni trésmið, 70 tímum í að smíða kistu Gests og var vinnubók Eiríks á sumarsýningu safnsins. Vinnubók Eiríks er varðveitt á Byggðasafni Árnesinga.

Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2018

Miðlun á vegum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka á sér stað í gegnum grunnsýningar safnanna í Húsinu á Eyrarbakka, Kirkjubæ og í sýningahúsi að Túngötu 59. Ákveðnu rými í báðum söfnunum er ætlað til sérsýninga og skal hér greint frá þeim og sömuleiðis helstu viðburðum sem í boði voru á söfnunum. Safngripir frá Byggðasafni Árnesinga eru á sýningum á 16 stöðum á Suðurlandi. Er það liður í miðlun safnsins.



Kyndilmessustund. Ásdís Jóelsdóttir lektor við HÍ og Hildur Hákonardóttir listakona voru fyrirlesarar kvöldsins á Kyndilmessu í Húsinu á Eyrarbakka föstudaginn 2. febrúar kl. 20.

Ásdís Jóelsdóttir kynnti bók sína **Íslenska lopapeysan í máli og myndum**. Uppruna lopapeysunnar má helst rekja til gróf- og fljótprjónaðra lopapeysa á bændur og sjómenn og vinsælla útvistarpeysa á bæði kynin með einkennandi útprjónuðum hringlaga

munsturbekkjum. Á sama tíma var hún orðin að

minja- og lúxusvöru og síðar á sjötta og sjöunda áratugnum að eftirsótttri útflutningsvöru. Hversu góð söluvara lopapeysan hefur orðið má þakka því hve einföld hún er í framleiðslu og fljótunnin og er það þekking og reynsla íslenskra prjónakvenna ásamt ánægju þeirra af því að prjóna sem lagt hefur grunninn að hönnun og tilvist peysunnar. Innihald bókarinnar byggir á víðtækri rannsókn á rituðum heimildum og ljósmyndum auk þess sem tekin voru viðtöl við fjölda aðila sem á einhvern hátt höfðu komið að gerð og mótun peysunnar. Niðurstöður sýna að íslenska lopapeysan er séríslensk frumhönnun sem mótast hefur í samvinnu margra aðila og saga hennar og þróun er samofin samfélags-, iðnaðar-, útflutnings-, hönnunar- og handverkssögu þjóðarinnar.

Hildur Hákonardóttir las pistil úr bókinni **Walden og lífið í skóginum** – sem hún er meðþýðandi

að og hefur bókina vakið verðskuldaða athygli og fengið tilnefningu til þýðingarverðlauna. Höfundurinn H. D. Thoreau átti 200 ára

fæðingarársmæli í heimalandi sínu Bandaríkjunum á síðasta ári. Hann var

heimspekingur, barðist fyrir afnámi þrælachalds, og var mikill

náttúruunnandi. Enginn hefur lýst náttúrunni á eins nákvæman hátt og

með athyglisgáfu sinni lagði hann grundvöll að náttúruvísindum

fram tíðarinnar. Bókina skrifaði hann meðan hann hélt til í kofa sem hann

sjálfur hjó timbrið í og klambraði saman. Hann bjó þar í tvö ár meðan

hann var að samsama sig dýralífinu og hljóðunum í skóginum og þróa

einfaldan lífsstíl. Bæði Gandhi og Martein Luther King sem stóðu í frelsisbaráttu, danska

neðanjarðarandsþyrnuhreyfingin og aðrir sem hafa barist fyrir réttlæti hafa sótt styrk til skrifna og

hugsjóna Thoreaus. Hildur sem hefur sjálf skrifað og gefið út bækur um gróður og einfaldan lífsstíl og

baráttu kvenna til jafnréttis segir Thoreau alla tíð hafa verið henni fyrirmynd og förunautur.

Í upphafi dagskrár var í stuttu máli sagt frá Kyndilmessunni. Kyndilmessa, hreinsunarhátíð Maríu meyjar, er 40 dögum eftir fæðingu Krists sem ber upp á 2. febrúar ár hvert. Þá er mikil ljósadýrð við kaþólska guðþjónustu og dagurinn því kenndur við kerti eða kyndla og íslenska nafnið Kyndilmessa þaðan upprunnið segir í **Sögu Daganna** eftir Árna Björnsson. Kyndilmessustundin var í borðstofu og var vel sótt.



Þorrasýning. Á þorra var boðið upp á sýningu um þorrann fyrir elstu deildir leikskóla og yngstu bekkji grunnskóla.

Pólskir páskar - páskasýning í Húsinu. Byggðasafn Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka var opið um páskana. Páskasýning safnsins var tileinkuð pólskum páskum. Í borðstofu Hússins var dregið fram það helsta sem fylgir páskahefðum í Póllandi en þar fagna flestir samkvæmt kaþólskum sið. Á sýningunni mátti sjá myndskreytt egg sem kallast pisanki, matarkörfu með páskamat sem er blessaður í kirkjunni á páskadagsmorgun, litríka handgerðir vendi sem eru tákn fyrir pálmagreinar og ýmislegt fleira. Á páskum er föstunni að ljúka og tákn um vorkomu er víða sjáanlegur í páskasiðunum. Sýningin var svo sannarlega í þeim anda. Monika Figlarska aðstoðaði safnið við gerð sýningarinnar. Margir Pólverjar sem og Íslendingar og erlendir ferðamenn komu og skoðuðu sýninguna.

Ratleikur og vinnusmiðja. Vinnusmiðja var í Kirkjubæ á sumardaginn fyrsta í tilefni af Vori í Árborg. Drög að nýjum ratleik var í boði fyrir gesti safnsins á hátíðinni Vor í Árborg. Ratleikurinn var gerður fyrir styrk frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga. Leikurinn fer með gesti um öll safnhús Byggðasafnsins sem eru Húsið, Eggjaskúr, Kirkjubær og Sjóminjasafn. Upplagt var fyrir fjölskylduna að heimsækja safnið með ratleikinn sem leiðarvísi. Þeir sem mættu með vegabréf fengu stimpil frá safninu. Fullgerð útgáfa að ratleiknum verður útgefinn sumarið 2019.



Hryggjarliður úr hval. Var í eigu Helgu hehe sem bjó í Grímsfjósum á Stokkseyri.

Árborg – sjáðu þetta! Í tilefni 20 ára afmælis Sveitarfélagsins Árborgar og menningarhátíðarinnar Vor í Árborg kynnti safnið fjóra kjörgripa í eigu Byggðasafns Árnesinga. Einn gripur frá hverju sveitarfélagi sem stóð að stofnun Árborgar.

Þessir gripir voru valdir af handahófi. Þetta voru vatnsrör úr Ingólfsfjalli, rokkurinn hennar Kötu í Stóru-Sandvík, rakarastól Péturs Olsen á Eyrarbakka og hvalbeinið hennar Helgu hehe sem bjó í Grímsfjósum á Stokkseyri. Margvíslegur

fróðleikur um gripina var á sýningartextum. Ekki er gert upp á milli safnmuna Byggðasafns Árnesinga. Þeir bera allir vitni um líf, störf og menningu héraðsins. Vissulega hefur safnið ekki alla gripa sína til sýnis en varðveisluaðstaða safnsins er mjög góð og markmið starfsmanna að varðveita þá til næstu kynslóða. Allir safnmunir Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru skráðir í miðlægan gagnagrunn íslenskra safna Sarp. Með því að fara á síðuna www.sarpur.is er hægt að fræðast um aðföng íslenskra safna, þar á meðal safnmuna Byggðasafns Árnesinga.



Sýningin Árborg – sjáðu þetta! í borðstofu Hússins á Eyrarbakka var opin á sumardaginn fyrsta 19. apríl kl. 13-15, föstudaginn 20. apríl til sunnudagsins 22. apríl kl. 14-17.

Sumaropnun. Sumartími gekk í garð hjá söfnunum á Eyrarbakka, Húsinu og Sjóminjasafninu 1. maí og var opið til 30. september. Þar var opið alla daga kl. 11-18 og eftir samkomulagi á öðrum tímum. Hið stórmerka 252 ára gamla hús var sem fyrr aðal aðdráttaraflíð og í Sjóminjasafninu hinn einstaki gripur áraskipið Farsæll stærstur safnmuna. Kirkjubær var opinn á sama tíma. Rjórabúið á Bausstöðum var opið um helgar í júlí og ágúst og eftir samkomulagi.

Marþræðir. Sumarsýning Byggðasafns Árnesinga opnaði föstudaginn 4. maí og var tileinkuð



Ásta Vilhelmina Guðmundsdóttir listamaður á sýningu sinni Marþræðir.

fullveldisárinu 1918 með nýstárlegu móti. Sýningin var fullveldisárið með augum listamannsins Ástu Vilhelminu Guðmundsdóttur þar sem sjávargróður og önnur náttúra fyllti rýmið. *Marþræðir* var samspil textílverka listamanns við safneign og veitti frumlega sýn á söguna. Þótt árið 1918 hafi talist slæmt ár bæði vegna kulda og pestar þá voru landsmenn ekki óvanir slíkum aðstæðum og kunnu að nýta sér gjafir náttúrunnar. Fjöruntjar voru mikilvægasti þráður sýningarinnar og hráefni eins og sjávargróður ásamt ullinni vísa í bjargræði fólks þegar illa áraði.

Ásta Vilhelmina hefur unnið með ólík efni í verkum sínum og oft nýtt sér hráefni úr fjörunni og hafinu. Hún hefur frá árinu 1998 tekið þátt í fjölda tísku- og hönnunarsýninga hérlandis sem erlendis og er ein af þeim sem nú reka verslunina Kirsuberjatréd. Á síðari árum hefur hún fært list sína mun frekar yfir á svið innsetninga og listasýninga. Hún hefur tekið þátt í ólíkum samstarfsverkefnum m.a. í Suður-Kóreu og Japan. Hennar einstaka þekking á náttúrulegum hráefnum skilaði sér í mjög áhugaverðri sumarsýningu. Gerð sýningarinnar var styrkt af Safnasjóði og viðburðir í tengslum við hana voru styrktir af Uppbyggingasjóði Suðurlands. Sýningin var áhugaverð og vakti mikla athygli.

Íslenski safnadagurinn. Í tilefni af Íslenska safnadeginum fimmtudaginn 18. maí var opnuð síða á instagram undir heitinu byggðasafnarnesinga.

Fjölmar gar móttökur hópa. Stór hluti gesta safnsins kemur í skiplögðum hópum og taka fastir starfsmenn safnsins gjarnan á móti hópunum, bjóða þá velkomna og fræða um sögu Hússins á Eyrarbakka og um þá fjölmörgu safnmuni sem þar er að finna. Leiðsögn þessi hefur verið fastur liður í móttöku gesta frá árinu 1995 og sjálfsgöð þjónusta.

Japanskur meistari heimsækir Eyrarbakka.

Mushimaru Fujieda, listamaður og butoh meistari frá Japan heimsótti Eyrarbakka í vikunni fyrir Jónsmessuhátíð. Hann bauð uppá námskeið tvö kvöld og endaði heimsókn sína á því að sýna í Sjóminjasafninu á Jónsmessugleðinni laugardaginn 23. júní eftir hádegi. Að gjörningi loknum var boðið uppá seyði og söl í hjallinum norðan við safnið. Ásta Vilhelmina Guðmundsdóttir



Botah-dans í Farsæl.

listamaður og sýningahöfundur sumarsýningar átti heiðurinn af komu Mushimarus og Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkti viðburðinn.

Námskeiðið sem Mushimaru hefur þróað, felst í að rækta náttúrulegan dans fyrir hvern og einn með hreyfingu sem tengist öndun. Mushimaru hefur haldið námskeið í meira en 20 ár í Japan, Evrópu, Suður Kóreu, New York, Kína, Taiwan, Hong Kong, Filipseyjum og Indlandi. Hann leggur áherslu á aðferð sem gerir hverjum og einum kleift að upplifa einlæga leikgleði barnsins í sjálfum sér. Aðferðin hefur einnig slakandi áhrif á huga og líkama.



Heimir Guðmundsson spilar undir söng á Jónsmessuhátíð.

og spilaði á elsta píanó á Suðurlandi. Skólasöngvarnir og fleiri kvæðakver voru dregin fram og hver söng með sínu nefi. Fjölmenni kom eins og ávallt.

Stakkaskipti. Listasýningin Stakkaskipti opnaði með viðhöfn kl. 16 laugardaginn 25. ágúst í gamla fjárhúsinu norðan við Húsið. Fjórar ólíkar listakonur sýndu saman á Stakkaskiptum. Þetta voru þær Halla Ásgeirsdóttir keramikar, Halla Bogadóttir gullsmiður, Helga Ragnhildur Mogensen skartgripahönnuður og Margrét

Jónsmessuhátíðin á Eyrarbakka var haldin laugardaginn 23. júní og var þá líf og fjör. Dagskrá var fyrir börn og fullorðna við Sjóminjasafnið um morguninn. Brúðuleikhúsið kom og flutti leikrit. Nokkrir Eyrbekkingar opnuðu heimili sín upp á gátt. Bogfimi var á Vesturbúðarhólum. Almennur fjöldasöngur var í Húsinu um kvöldið. Heimir Guðmundsson, sem fæddur er í Húsinu árið 1944, leiddi söng í stásstofunni samkvæmt hefð



Listakonur sem sýndu í fjárhúsi.

Birgisdóttir myndlistarmaður. Þær eiga það sameiginlegt að sækja innblástur úr náttúru eða vinna verk sín úr náttúrulegum efnum líkt og rekaviði eða steinum. Allar höfðu þær sýnt margoft en sýndu nú saman í fyrsta sinn. Hugmyndin að sýningunni fæddist fyrir nokkrum árum og röð tilviljana leiddi þær á slóðir Eyrarbakka. Þær heilluðust af þeirri hugmynd að umbreyta grófu umhverfi eins og gamla fjárhúsinu í sýningarsal og þannig er nafnið Stakkaskipti tilkomið því sannarlega umbreyttist fjárhúsið. Fjölmenni var við opnun sem var samtímis dansgjörningi Gio Ju.



Dansgjörningur Gio Ju. Laugardaginn 25. ágúst var danslistakonan Gio Ju frá Suður Kóreu með dansgjörning fyrir framan Húsið á Eyrarbakka samhliða opnun listsýningarinnar Stakkaskipti. Gio Ju er víðförul hreyfilistakona og butoh dansari sem heimsótti Ísland í fyrsta sinn. Frá árinu 2011 hefur hún búið í Indlandi og setti á fót dansskóla þar sem hreyfilist og tjáning í dansi er kennd sem lífsstíll. Gio Ju hefur dansað með danshópum, stórum og smáum, en einnig unnið með listamönnum sem koma úr ólíkum listgreinum og dansar þá oft á tíðum ein. Á Eyrarbakka vann hún með Ástu Guðmundsdóttur listakonu og hönnuði sumarsýningar safnsins. Dansverk hennar eru ávallt einstök og tengd inni aðstæður hverju sinni. Fjölmenni var í garði Hússins á Eyrarbakka að horfa á gjöringinn.

Eitraða barnið – útgáfuhóf. Þann 15. september bauð Guðmundur S. Brynjólfsson djákni og rithöfundur til útgáfuhófs í Húsinu á Eyrarbakka. Hann las úr nýútkominni skáldsögu sinni Eitraða barnið sem gerist á Eyrarbakka um 1900. Boðið var upp á kaffi og konfekt. Fjölmenni mætti á hófið.



Sumarlok. Síðasta degi sumaropnunar á Byggðasafni Árnesinga var fagnað með laufléttri dagskrá í Húsinu sunnudaginn 30. september. Kl. 11 var Vinnusmiðjan Marþræðir þar sem búin voru til listaverk úr fjörudóti með Ástu Guðmundsdóttur. Mikil vinnugleði ríkti í vinnusmiðjunni. Börn með foreldrum sínum undir dyggri leiðsögn Ástu Guðmundsdóttur tíndu gróður í fjörunni og bjuggu til hafkarl og kerlingu í hjallinum við Húsið. Árangurinn var stórskemmtlegur og hengu sæskrímslin þarna fólki til ánægju fram eftir hausti.

Á síðasta opnunardegi spjallaði Ásta Guðmundsdóttir sýningarhöfundur við gesti og gangandi. Sýningin Stakkaskipti í fjárhúsinu var opin. Boðið var upp á kaffi og konfekt. Örygur Benediktsson spilaði á gamla píanóið. Kl. 15 var Magnús Karel Hannesson með erindið „Örlítið um þangið og sölin“. Hann rifjaði upp sögubúta sem tengjast fjörunytjum.

Fjallkonan. Leiksyningin Fjallkonan var flutt í Húsinu á Eyrarbakka laugardaginn 6. október kl. 15 og svo aftur kl. 20. Fjallkonan er eftir leikkonuna Heru Fjord en verkið byggir á ævi Kristínar Dahlstedt veitingakonu, langalangömmu Heru. Í verkinu fléttast saman ótrúleg lífsbarátta Kristínar og vangaveltur Heru um eigið líf og hvað hún eigi sameiginlegt með þessari formóður sinni sem afrekaði svo margt. Verkið er einleikur og var flutningurinn liður í Menningamánuði Árborgar.



Sæmundur kemur í heimsókn. Bókmenntadagskrá með sögulegu ívafi var í Húsinu á Eyrarbakka laugardaginn 13. október kl. 15. Sagður var alkunnur fróðleikur um Sæmund fróða og sýslumannasögur. Sérstakir gestir Hússins voru rithöfundar sem um þessar mundir gáfu út bækur hjá hinni öflu bókautgáfu Sæmundi á Selfossi. Lilja Magnúsdóttir las úr skáldsögunni Svíkarinn sem er fyrsta bók höfundar, Guðmundur Brynjólfsson úr sakamálasögu sinni Eitraða barnið, Vala Hafstað úr ljóðabókinni Eldgos í aðsigi og Bjarni Harðarson úr skáldsögunni Í Gullhreppum. Fleiri hváðu sér hljóðs af bókahöfundum Sæmundar og var dagskráin vel heppnuð og fjölsótt.

Kaffi var á könnunni og konfekt. Dagskráin var liður í menningarmánuði Árborgar.

Jólatré, músastigar og skáld. Jólin á safninu hófust 2. desember með opnun jólasýningar, skáldastund og músastigagerð. Komið var upp jólatré við inngang Hússins og var það blágreni frá Skógræktarfélagi Árnesinga á Snæfoksstöðum. Á opnunardeginn 2. desember gátu gestir komið og gert músastiga sem voru hengdir upp í fallega alþýðuhúsinu Kirkjubæ. Jólasýning safnsins var opin sama dag kl. 13-16 og músastiga-vinnusmiðja. Á jólasýningunni gaf að líta gömul jólatré og jólatengda muni sem safninu hefur áskotnast af fólkinu í héraðinu í gegnum tíðina. Í öndvegi var jólatréð frá Hruna sem Jón Jónsson í Þverspyrnu er sagður hafa smíðað fyrir jólin 1873 og talið er elsta varðveitta jólatré landsins. Eftirlíking þess var skreytt með sortulyngi, krækiberjalyngi og bláberjalyngi. Sáu nemendur 10. bekkjar í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri um það.

Almenn opnun var á jólasýninguna þrjá sunnudaga og einn laugardag í desember 2., 9., 15. og 16. desember kl. 13 – 17. Kirkjubæ var opin á sama tíma. Jólادagskráin var styrkt af Uppbyggingasjóði Suðurlands.



Gerður Kristný

Skáldastund. Á safninu byrjar jólagleðin ávallt með opnun jólasýningar og skáldastund í stásstofu Hússins. Sunnudaginn 2. desember kl. 16 mátti hlýða á rithöfunda lesa úr nýjum verkum sínum. Þetta árið komu fram: Bjarni M. Bjarnason með skáldsöguna Læknishúsið, Gerður Kristný með ljóðabókinni Sálumessa, Þórunn Jarla Valdimarsdóttir sem ritaði sögu Skúla fógeta, Lilja Sigurðardóttir með glæpasöguna Svik og Guðmundur Brynjólfsson með glæpasöguna Eitraða barnið. Þarna fengu gestir brot af ólíkum skáldskap. Eyrarbakki er sögu sviðið í bókum Guðmundar og Bjarna. Lilja hefur getið sér gott orð sem spennusagnarhöfundur og Þórunn þekkt fyrir að tvinna listlega saman sagnfræði og skáldskap. Gerður Kristný er svo eitt okkar fremsta ljóðskáld. Það var enginn bókunnandi svikinn af

skáldastund í Húsinu.

Músastigagerð var opin gestum. Aðventukaffi var á boðstólum.



Músastigagerð í Kirkjubæ á aðventu.

Jólasaga. Ungir safngestir voru boðnir sérlega velkomnir á jólaopnun sunnudaginn 9. desember sem hófst kl. 13 á húslestri. Leikkonan Hera Fjord las nokkrar jólasögur fyrir börn í stásstofu Hússins þar sem ríkir kyrrð og ró. Í borðstofu var jólasýning safnsins þar sem gömul jólatré voru í aðalhlutverki og handgerðar jólasveinabréður prýddu

eldhúsið og spilaðar voru jólaplötur. Jólakaffi var á boðstólum og frítt inn allan daginn.

Lóur heimsækja Húsið. Laugardaginn 15. des. kl. 15 heimsóttu Lóur, sönghópur skipaður sex sunnlenskum söngkonum, jólasýninguna í Húsinu á Eyrarbakka og sungu nokkur jólalög. Sönghópin skipa Halla Dröfn Jónsdóttir, Elín Gunnlaugsdóttir, Helena Steinþórsdóttir, Kolbrún Hulda Tryggvadóttir, Halldóra G. Steindórsdóttir og Elísabet Hermundardóttir, allar af svæðinu Selfoss-Hveragerði-Stokkseyri og menntaðar í tónlist. Christmas carols-stemming var ríkjandi en þetta er þriðja aðventan í röð sem þær heimsækja safnið og syngja. Fjölsótt var á tónleikana og jólasýninguna þennan dag.

Jólafróðleikur. Sunnudaginn 16. desember var einnig opið og fengu gestir að hlýða á jólafróðleik fornan úr fórum safnstjóra.

Brúðkaup. Eitt íslenskt par lét gefa sig saman í hjónaband í stásstofu Hússins á Eyrarbakka 18. ágúst. Aðalheiður Harðardóttir og Ríkharður Hjálmarsson létu sr. Kristján Björnsson gefa sig saman. Vel er við hæfi að nýta stásstofuna til slíkra athafna og verður væntanlega áframhald á brúðkaupum í Húsinu. Þess má geta að afi og amma Aðalheiðar, Aðalheiður Gestsdóttir og Karl Jónasson, voru gefin saman í Húsinu á 4. áratug síðustu aldar af sr. Gísla Skúlasyni sóknarpresti sem þar leigði eftir að hann

fór frá Stóra-Hrauni. Foreldrar Aðalheiðar, Agnes Karlsdóttir og Hörður Jóhannsson eiga einnig góð tengsl við safnið því þau störfuðu við það frá 1998 til 2012.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka fyrir Sveitarfélagið Árborg samkvæmt þjónustusamningi. Eignasvið Árborgar hefur umsjón með fasteignum safnsins og er kostnaður við viðhald og lóðir utan samningsins.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka nýtur vinsælda meðal gesta og hafa margir dáðst að smekklegru uppsetningu þess sem er frá árinu 1996 og Inga Lára Baldvinsdóttir og Steinþór Sigurðsson leikmyndahönnuður eiga heiður af.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka tekur þátt í starfi Sambands íslenskra sjóminjasafna en markmið SÍS er að vera sameiginlegur vettvangur sjóminjasafna um sín mál, einkum á sviði söfnunarstefnu, kynningarmála og erlendra samskipta. Á vegum SÍS er unnið að gerð ítarlegrar bátaskrár og voru bátar frá Laufási á Eyrarbakka skráðir í Sarp til að fá sem besta yfirsýn yfir bátavegnað íslenskra safna. Jafnframt var bátur frá Gamla-Hrauni skráður og er meðfylgjandi mynd af honum. Hann var smíðaður af Helga heitnum Þorvaldssyni.

Lítilsháttar var breytt til í forsal Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.

Brunavarnir Árnessýslu heimsóttu Sjóminjasafnið á Eyrarbakka og var sett upp neyðarlýsing og útmerki í kjölfarið að ósk eftirlitsins.

Beitningaskúrinn sem opnaður var árið 2013 var opinn eftir samkomulagi. Hópar sem fá leiðsögn um Eyrarbakka líta gjarnan við í

Beitningaskúrnum. Sýningin í Beitningaskúrnum vekur athygli

á sögu hans, vélbátaútgerðar á Eyrarbakka og einnig frá vinnuaðferðum og sögum frá þeim sem þar unnu. Þar var síðast beitt um 1960. Beitningaskúrinn var gefinn Sjóminjasafninu á Eyrarbakka 1991. Hann var gerður upp með styrk frá Húsafriðunarsjóði á árunum 1992 og 1993. Við viðgerðina kom í ljós útfluttur bátur á vesturhlið hans og var ákveðið að hafa hann sem ystu klæðingu á þeim vegg. Beitningaskúrinn vekur því mikla athygli fyrir sérstakt útlit.

Gamli slökkvibílinn sem er í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka er haldið við og er hann gangfær. Bílaáhugamennirnir Emil Guðjónsson og Guðlaugur Gunnar Jónsson tóku að sér að gera bílinn upp fyrir safnið og tóku þeir slökkvibílinn í vörslu sína sumarið 2012. Þeir hafa síðan haldið bílnum við og



Bátur Helga Þorvaldssonar á Gamla-Hrauni.

lagfært eftir þörfum. Hann er varðveittur í Nýjabæ í Sandvíkurhreppi og var ekið á sýningar við ýmis tækifæri.

Þuríðarbúið hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu – og Byggðasafni Árnesinga sem heldur utan um muni Þuríðarbúðar. Umsjón með umhverfi Þuríðarbúðar hefur umhverfissvið Árborgar en viðhald búðarinnar er í höndum framkvæmda- og veitusviðs Árborgar. Á síðustu árum hefur verið unnið að því að bæta loftræstingu í búðinni og koma fyrir viðeigandi gripum yfir sumartímann. Styrkur fékkst frá Uppbyggingasjóði til efniskaupa og var árið 2016 fjárfest í skinni og ull til að hafa í búðinni.

Kirkjubær

Í lok ársins 2011 keypti Byggðasafn Árnesinga húsið Kirkjubæ sem er rétt vestan við Húsið á Eyrarbakka. Kirkjubær var opnaður 17. júní 2016 með sýningunni „Draumur aldamótabarnsins“ um líf



alþýðunnar 1920-1940. Arfi Helga Ívarssonar frá Hólum til Byggðasafns Árnesinga var varið til þessa verkefnis.

Kirkjubær er timburhús bárujárnsklætt sem byggt var 1920 og með norðurbíslagi frá 1934.

Um uppbyggingu í Kirkjubæ hefur verið rækilega fjallað í ársskýrslum fyrri ára. Sett var upp stafræn margmiðlun í Kirkjubæ á árinu en í

árslok var því verkefni ekki lokið að fullu. Kirkjubær var málaður gráum lit á vegg, rauðum lit á þak og hvítum á glugga.

Rjómabúið á Baugsstöðum

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungs eigandi að Rjómabúinu á Baugsstöðum. Rjómaskálahúsið var friðlýst af menningar- og menntamálaráðherra árið 2005 þegar búið varð 100 ára. Byggðasafn Árnesinga sér um daglegan rekstur þess en rjómabúið er rekið á sérstakri kennitölu og er með sér reikningshald.

Andri Erlingsson sá um gæslu í rjómabúinu um helgar í júlí og ágúst. Siggeir Ingólfsson hefur einnig lykla að



Rjómabúið á Baugsstöðum í desemberlok 2018 þegar framkvæmdir á austurhlíð voru hafnar.

rjómabúinu, opnaði hann fyrir nokkrum hópum og sinnti smávægilegu viðhaldi.

Gert var kynningarátak á Rjómabúinu á Baugsstöðum. Stöð 2 kom í heimsókn, myndaði, tók viðtal við safnstjóra og útvarpaði því í fréttatíma og landsbyggðarþætti. Auglýst var á Ríkisútvarpinu opnunarhelgar í júlí og ágúst. Skrifuð var grein í Bændablaðið.

Áfram var haldið að skipta um ystu klæðingu Rjómabússins á Baugsstöðum. Bárújarnið sem sett var á rjómabúið um 1971 var farið að lýjast. Sömuleiðis eru gluggar farnir að láta á sjá. Unnið hefur verið að því að skipta um ystu klæðingu á rjómabúinu undanfarin ár. Skipt var um þakplötur haustið 2013, skipt um bárújárn á norðurhlið 2014 og í desember 2016 var skipt um járn á vesturhlið. Styrkur frá árinu 2016 var nýttur til að endurnýja járn á suðurhlið og sáu bræðurnir Guðmundur og Gísli Kristjánssynir um það verk í desember 2017. Húsafriðunarsjóður hefur styrkt þessar framkvæmdir með myndarlegum framlögum sem numið hafa helmingi ætlaðs kostnaðar. Eigið fé rjómabúsins og framlög eigenda þess hafa svo komið á móti. En árið 2017 fékk Rjómabúið á Baugsstöðum nýjan hollvin þegar Auðhumla svf. styrkti Rjómabúið um 300 þúsund krónur til að endar næðu saman. Í árslok 2018 var farið í viðgerð á austurhlið Rjómabúsins, Guðmundur og Gísli Kristjánssyni skiptu um bárújárn og lagfærð grind. Framkvæmdina styrktu Húsafriðunarsjóður, Auðhumla svf, Búnaðarsamband Suðurlands og Byggðasafn Árnesinga. Árið 2019 er fyrirhugað að yfirfara alla glugga rjómabúsins og árið 2020 verður rjómabúið málað að utan.

Í stjórn Rjómabúsins á Baugsstöðum sitja Sveinn Sigurmundsson formaður, Lýður Pálsson gjaldkeri og Björn Harðarson ritari.

Til sölu í rjómabúinu er ritið Rjómabúið á Baugsstöðum 100 ára eftir Helga Ívarsson og Pál Lýðsson.

Gestir ársins 2018 voru 475 alls, mest íslendingar. Gestir ársins 2017 urðu 437 talsins. Þeir voru aðeins 183 árið 2016. Gestir ársins 2015 urðu 433 talsins. Gestafjöldi ársins 2014 varð 377 manns. Árið 2013 komu 360 gestir í búið. Árið 2011 komu 278 gestir. Árið 2010 komu 465 gestir í Rjómabúið á Baugsstöðum en 602 gestir árið 2009. Rjómabúið er kynnt á heimasíðu Byggðasafns Árnesinga. Fyrirhugað er að koma upp einfaldri síðu á Facebook.

Samstarf

Á Alþingi voru á árinu 2011 samþykktir nýir lagabálkar á sviði þjóðminjavörslunnar sem hafa haft áhrif á starfsemi safnsins. Í þriðja kafla Safnalaga nr. 2011/141 er ítarlega fjallað um viðurkennd söfn og skilyrði fyrir að geta kallast viðurkennt safn. Samkvæmt lögunum geta einungis viðurkennd söfn sótt um styrki til Safnasjóðs og þurfa að gegna ákveðnum rannsóknaskyldum og skyldum gagnvart meðferð safnmuna, starfsmannahald og fyrirkomulagi sýningahalds. Lögin tóku gildi 1. janúar 2013. Byggðasafn Árnesinga er viðurkennt safn samkvæmt Safnalögum. Byggðasafn Árnesinga sækir árlega um rekstrarstyrk og verkefnastyrki til Safnaráðs til að styrkja starfsemi safnsins. Einnig um símenntunarstyrki sem nýttir hafa verið til ferðalaga á ráðstefnur og í kynnisferðir. Hafa styrkir Safnaráðs komið sér vel og stutt við faglega starfsemi safnsins og einstök verkefni.

Þjóðminjasafn Íslands veitti margvíslega sérfræðiaðstoð þegar þess var þörf. Samstarf er á meðal Þjóðminjasafns Íslands og nokkurra minjasafna um allt landið um söfnun og skráningu samtímaminja og felst í skráningu á vettvangi frekar en söfnun gripa.

Byggðasafn Árnesinga er þátttakandi í gagnagrunni íslenskra safna Sarpi.

Góð samskipti eru við Minjastofnun Íslands sem varð til með sameiningu Fornleifaverndar ríkisins og Húsafríðunarnefndar ríkisins með gildistöku nýrra þjóðminjalaga 1. janúar 2013.

Byggðasafn Árnesinga tekur þátt í starfsemi Samtaka safna á Suðurlandi sem eru grasrótarsamtök aðila sem starfa að menningarmálum á Suðurlandi. Safnstjóri er gjaldkeri samtakanna. Safnahelgi á Suðurlandi sem samtökin stóðu að féllu niður þriðja árið í röð og er óvíst um framhald helgarinnar. Samtökin eru stefnulaus, starfsemi í algjöru lágmarki og óvíst um framhaldið. Fjárhagur Samtaka safna á Suðurlandi er í blóma.

Safnstjóri situr í stjórn Fischersetursins á Selfossi sem fulltrúi Byggðasafns Árnesinga.

Linda Ásdísardóttir situr í Minjaráði Suðurlands.

Linda og Lýður eru félagar í FÍSOS, Félagi íslenskra safna og safnamanna, og sat Linda í stjórn félagsins fram að aðalfundi í september og var í ritstjórn Kvists sem FÍSOS hefur tekið að sér að gefa út. Lýður er félagi í ICOM, alþjóðasamtökum safnamanna.

Linda hefur undanfarin ár setið í stýrihópi Norsam um samtímavörslu á Norðurlöndum.

Fundir, námskeið og ráðstefnur

Lýður Pálsson safnstjóri sótti Mannamót á vegum markaðsstofanna í janúar.

Starfsmenn safnsins sóttu ýmsa aðra fundi sem haldnir voru og tengdust safnastarfi. Meðal annars vorfund Safnaráðs í apríl og einstaka fundi sem námsbraut í Safnafræði stóð að öðru hverju allt árið.



Lýður Pálsson í efstu röð til vinstri í hópi ferðafélaga fyrir framan báta- og bókasætur Hjartar Þórðarsonar á Klettseyju á Michican-vatni.

Lýður Pálsson safnstjóri fór í kynnisferð á slóðir Vestur-Íslendinga á Washington-eyju á Michican-vatni. Ferðin var farin í júní og komst Lýður í samband við fjölmarga afkomendur Eyrbekkinga sem fóru vestur um haf 1870 og 1872. Það voru upphaf skipulagðra ferða Íslendinga til Vesturheims og má rekja til áhuga Guðmundar Thorgrímsen kaupmanns á Eyrarbakka að Íslendingar freistuðu gæfunnar í Ameríku.

Lýður skoðaði Klettseyju þar sem mannvirki Vestur-Íslendingins Hjartar Þórðarsonar er að sjá. Þar má einnig skoða útskorin húsgögn Halldórs Einarssonar (1893-1977) frá Brandshúsum í Flóa. Í ferðinni skoðaði Lýður einnig söfn í Chicago. Ferðin var farin með góðum styrk frá simeenntunarsjóði Safnaráðs en Almar Grímsson skipulagði ferðina. Ferðafélagar frá Íslandi nutu gestrisni hjónanna Mary Jo, fædd Ricther, og eiginmanns hennar Richard Purinton. Lýður skrifaði ferðasögu sína í jólablað Dagskrárinnar á Selfossi í desember. Tilgangur ferðarinnar var að kynna slóðum vesturfaranna og skapa tengsl við afkomendur þeirra. Árið 2020 verða 150 ár liðin frá ferð þeirra fyrstu frá Eyrarbakka

og verður af því tilefni gengist fyrir ferðum Vestur-Íslendinga til Íslands og Íslendinga til Washington-eyjar.

Farskóli íslenskra safnamanna var haldinn í Dublin dagana 11.-14. september. Íslenskir safnmenn kynntu sér söfn í Dublin og héldu árshátíð félagsins í leiðinni. Lýður Pálsson sat farskólann sem tókst vel og var mjög fræðandi auk þess sem gagnleg samskipti áttu sér stað við kollega á íslenskum og írskum söfnum. Lýður fékk styrk frá starfsmenntunarsjóði BHM til fararinnar auk framlags safnsins.

Kynningar- og markaðsmál

Ýmsar leiðir eru farnar til að koma safninu á framfæri. Það auglýsir víða. Byggðasafn Árnesinga tók einnig þátt í sameiginlegri kynningu á íslenskum söfnum á RUV. Auglýst er í mörgum bæklingum sem liggja frammi á ferðamannastöðum og sömuleiðis liggur bæklingur safnsins frammi á flestum stöðum á Suðurlandi.

Heimasíðan www.husid.com er haldið lifandi með uppfærslu fréttar af starfseminni og róteringu



Auglýsing fyrir viðburð hjá safninu, auglýsingin hönnuð af Sylvíu Kristjánsdóttur.

ljósmynda á forsíðu. Safnstjóri heldur utan um efni síðunnar. Bob van Duin á Eyrarbakka aðstoðar við að halda úti síðunni sem er í Wordpress-vefkerfinu. Síðan er hýst hjá 1984 ehf.

Sylvía Kristjánsdóttir grafískur hönnuður á Eyrarbakka sér um hönnun á auglýsingum safnsins og gerð sýningaskilta fyrir sýningar í borðstofu.

Byggðasafn Árnesinga var þátttakandi í Menningarkorti Suðurlands sem Samtök sunnlenskra sveitarfélaga stóð að og kom kortið út í árslok.

Safnið er á Facebook og má í dag finna síðu þar undir heitinu „Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga“. Fylgjendum síðunnar fer sífellt fjölgandi og er góð leið til að kynna starfsemi safnsins fyrir velunnurum sínum. Sömuleiðis halda hollvinir Hússins undir forystu Elínar Hansen í Minneapolis utan um síðuna „Descendants of The

House (Húsið á Eyrarbakka)“ en lítil virkni er á henni.

Safnið er í Markaðsskrifstofu Suðurlands. Safnstjóri er í reglulegu sambandi við starfsmenn Markaðsstofu Suðurlands um margvíslegar leiðir til að koma safninu á framfæri.

Safnið er með reikning á Trip-Advisor og Google+.

Héraðsnefnd og stjórn

Héraðsnefnd Árnesinga bs er eigandi Byggðasafns Árnesinga. Sveitarfélögin sem standa að Héraðsnefnd Árnesinga eru: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Aðalverkefni Héraðsnefndar Árnesinga er rekstur nokkurra stofnanna og starfsnefnda á héraðsvísu.



Héraðsnefnd Árnesinga skipar stjórn safnsins til eins árs í senn. Til miðs ársins var Arna Ír Gunnarsdóttir formaður stjórnar, Valgerður Sævarsdóttir varaformaður og Róbert Hlöðversson ritari. Til vara Eggert Valur Guðmundsson, Guðmundur Oddgeirsson og Halldóra Hjörleifsdóttir. Stjórnin fundaði tvisvar fyrirhluta ársins. Við sveitarstjórnakosningarnar í maí 2018 var kosið að nýju til Héraðsnefndar Árnesinga bs og kaus nefndin nýja stjórn. Algjör endurnýjun varð á stjórn Byggðasafns Árnesinga. Árni Eiríksson oddviti Flóahrepps er stjórnarformaður, Eggert Valur Guðmundsson varaformaður og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir í Hveragerði er ritari. Í varastjórn voru kosin Smári Bergmann Kolbeinsson, Steinar Lúðvíksson og Klara Öfjörð Sigfúsdóttir. Stjórnarfundir síðari hluta ársins urðu fjórir og voru húsnæðismál safnsins

fyrirferðarmikil.

Stjórnarformaður er

jafnframt í

framkvæmdastjórn

Héraðsnefndar

Árnesinga. Á fundum

stjórnar eru tekin fyrir

mál sem safnstjóri

undirbýr fyrir fundinn í

samráði við stjórnina.

Einnig mál sem

stjórnarmenn og

safnstjóri leggja fram

áður en kemur til fundar

og rúmast ekki innan



starfs- og

rekstraráætlunar. Stjórn

safnsins starfar eftir erindisbréfi sem samþykkt er af Héraðsnefnd Árnesinga og er þar fjallað ítarlega um hlutverk og skyldur stjórnarmanna.

Húsið á Eyrarbakka í árslok. Ljósmyndina tók góður nágranni Hússins Magnús Karel Hannesson.

Helstu tölur úr rekstrarreikningi 2018

Rekstrartekjur	Pús. kr.
Héraðsnefnd Árnesinga framlag	30.200
Safnasjóður og Húsfriðunarsjóður rekstrar- og verkefnastyrkir	2.400
Sveitarfélagið Árborg, v. Sjóminjasafns	6.080
Aðgangseyrir og ýmsar tekjur	1.980
Styrkir og önnur framlög	1.241
Aðrar tekjur	314
	42.215
 Rekstrargjöld	
Laun, launatengd gjöld	31.477
Annar rekstrarkostnaður	11.012
Rekstur fasteigna	2.454
Afskriftir	1.547
	46.490
Hagnaður (Tap) fyrir fjármagnsliði	(4.274)
 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(811)
(Tap) ársins	(5.084)

Eigið fé safnsins í fasteignum og bankainnistæðum nam 27,7 milljónum króna í árslok.

Á árinu 2017 og 2018 féllu á safnið kröfur vegna samkomulags um breytingar lífeyrismála opinberra starfsmanna. Við breytingarnar eru réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda. Kröfurnar námu 14,3 milljónum króna. Í mars 2018 var tekið lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að mæta þessum kröfum.



Eyrarbakka 2. apríl 2019,

Lýður Pálsson, safnstjóri.